

Ed.

557. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um þetta frumvarp, því að ég tel, að það þurfi að gerbreyta því og legg til, að svo verði gert. Hinir nefndarmennirnir allir viðurkenna, að frumv. þurfi að breyta, en telja, að Alþingi það, er nú situr, hafi ekki tíma til þess að gera það svo vel sé, og því sé það sem „bráðabirgðaráðstöfun“ að samþykkja þetta frumv., er fyrir liggur.

Ég tel eins og flutningsmenn frumv., að dýralæknum þurfi og eigi að fjölga, en vil fjölga þeim meira en flm., eða upp í níu. Vil ég þá láta hinn níunda koma í Rangárvallasýslu. Það er orðið svo nú, að þótt lögskipað sé, að ekki megi selja mjólk til Reykjavíkur úr kúm, sem ekki eru árlega skoðaðar af dýralækni, þá er langt frá, að það sé gert, því að það er ofvaxið eins manns starfi, a. m. k. með öðru. Í umdæmi hans eru um 1272 byggðar jarðir með um 10868 nautgripum, og er langsamlega ofvaxið einum manni að komast yfir skoðun á þeim, svo að nokkurt lag sé á. Þess vegna vil ég bæta við níunda dýralækninum.

Þá vil ég láta ákveða starfssvæði þeirra eða læknisumdæmi, eins og gert er með umdæmi mannlækna, sýslumanna og yfirleitt allra annarra embættismanna, og geri um það tillögu. En með því að sums staðar er ekki með fullu ljóst, hvernig samgöngur leggjast í framtíðinni, og þær eru ekki enn komnar í það horf, er verður, þá geri ég ráð fyrir því, að ráðherra geti ákveðið umdæmið annað um stundarsakir en lögin gera ráð fyrir.

Mér er ekki nú kunnugt um, að það sé nema einn maður íslenskur að læra dýralækningar, enda hefur það opinbera ekki stutt að því, að menn legðu það nám fyrir sig, þar sem hvort tveggja hefur verið, embætti fá eða engin til handa mönnum að setjast í að námi loknu og launin lægri en hjá mönnum, sem ekkert þurfa til starfs síns að læra, eins og t. d. lögregluþjónar. Af þessu má búast við því, að í dýralæknisumdæmin, sem til yrðu eftir lögum þessum, fengjust ekki dýralæknar strax. Þá hefur það verið venja hér á landi, þegar embætti eru laus, að fela nágrannaembættismanni að þjóna því, gegn sérstakri þóknun, sem venjulega hafa verið hálf laun. Þar sem ég tel, að hin nýju dýralæknisembætti séu ekki gerð til að hækka laun nú-

verandi dýralækna, þá tek ég upp ákvæði um, að þeir skuli ekki fá aukagreiðslur fyrir að þjóna hinum nýju héruðum, enda breytist núverandi starfssvæði þeirra ekki við lögin að svo stöddu, og því ekki ástæða til að hækka laun þeirra þess vegna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því nú, að fáist ekki lærðir dýralæknar í störf, þá geti atvinnumálaráðherra, í samráði við yfirdýralækni, falið mönnum, er yfirdýralæknir telur treystandi til, að gegna störfum dýralæknis, og greiða honum þóknun fyrir úr ríkissjóði. Með þessu yrðu í raun og veru skipaðir ólærðir menn af ríkisstjórn, með samþykki yfirdýralæknis, til þess að vera dýralæknar. Móti þessu ákvæði er ég. Ég tel fjarstætt, að menn, sem ekki hafa lokið dýralæknisprófi, séu af ríkisstjórninni settir, þó um stundarsakir sé, til að gegna dýralæknisstörfum. Engum hefur heldur dottið í hug að leysa á þann hátt læknisleysi læknalausu læknishéradanna, og eru leikmenn þó misnærfaernir, og hér og þar um landið eru til menn, sem kallaðir eru „skottulæknar“, og sjálfsagt mætti fá í einhver læknilaus héruð, ef að því ráði yrði horfið, en það væri í samræmi við anda þessa frumv. að gera það. Nú verður því ekki neitað, að bæði manna- og dýraskottulæknar, geta stundum hjálpað nokkuð í veikindum manna og skepna, en varla mun nokkur halda því fram í alvöru, að ríkisvaldið eigi að lögilda þá, eftir tillögum frá landlækni eða yfirdýralækni, en þó er til þessa ætlað hvað dýraskottulæknana snertir í frumv. þessu. Þetta get ég ekki samþykkt. Hins vegar vil ég ekki standa á móti því, að þeim dýralæknisumdæmum, sem engan dýralækni fá, sé gert mögulegt að tryggja sér not þessara manna á ábyrgð þeirra, er þjónustu þeirra eiga að þiggja, og legg því til í brtt. mínum, að heimilt sé að styrkja úr ríkissjóði með allt að 4% af dýralæknislaunum þau svæði, er enga dýralækna fá, til að fá sér þá hjálp, er þeir sjálfir óska, en það opinbera taki ekki á sig að stimpla þá menn sem dýralækna.

Þá tel ég réttara, að færð séu í eitt þau tvenn lög, sem nú gilda um dýralækna, en þau mundu verða þrenn, ef frumvarpið yrði samþykkt eins og það liggur fyrir nefndinni, sem þá væru í gildi, en að því á ekki að vinna að hafa í mörgu lagi lög um sama efni. Vegna þess hef ég tekið ákvæðin úr eldri lögum um þetta efni inn í brtt. mínar og legg þá jafnframt til, að eldri lögin verði felld úr gildi.

Til þess að menn átti sig betur á skiptingu landsins í dýralæknisumdæmi og starfi hvers dýralæknis, set ég hér töflu, er sýnir býlatölu (byggðra) og búfjártölu í hverju umdæmi.

Dýralæknisumdæmi	Tala býla	Nautgripir	Framtalið búfé	
			Sauðfé	Hross
Reykjavíkumdæmi	391	3258	17352	1572
Borgarfjarðarumdæmi	647	5262	64615	9267
Dalasyásluumdæmi	597	2793	48788	4365
Ísafjarðarumdæmi	407	1625	38790	1190
Sauðárkróksumdæmi	846	5205	87890	20290
Akureyrarumdæmi	992	6684	10049	4380
Austfjarðaumdæmi	768	3853	12625	3813
Rangárvallaumdæmi	693	4629	77958	10135
Selfossumdæmi	579	6239	50406	6618

Eins og menn sjá, eru bæði misjafnlega mörg býli í umdæmunum, og bændur á þeim eiga mismunandi margt búfé. En það ætla ég, að komi greinilega í ljós, að Selfosshérað saman með Rangárhéraði er það bændamargt og skepnumargt, að engri átt nær að ætla það einum manni. Hins vegar má segja, að Ísafjarðarumdæmi sé bæði það bænda- og skepnufátt, að þar þurfi ef til vill ekki sérstakan dýralækni, en með tilliti til aðstæðna og samgangna mun þó verða að telja, að réttmætt sé að hafa þar sérstakan dýralækni.

Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir brtt. í framsögu.

Alþingi, 20. marz 1947.

Páll Zóphóniasson.